



Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar - 12. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 1. febrúar 2017  
og hófst kl. 16:00

**Fundinn sátu:**

Anna Margrét Jónsdóttir, formaður  
Gauti Jónsson, aðalmaður  
Þórður Pálsson aðalmaður

**Fundargerð ritaði:** Þórður Pálsson, ritari

**Dagskrá:**

**1. Sigfús Heiðar Árdal - umsókn um leyfi - 1611013**

*Tekið fyrir erindi frá Sigfúsi Heiðari Árdal þar sem hann ósðkar eftir að draga út fyrir ref á Kirkjuskarið.*

*Nefndin mælir ekki með að dregið sé út fyrir ref á Kirkjuskarði að svo stöddu. Það fé sem veitt hefur verið til refaveiða hefur varla dugað til grenjavinnslu hvað þá til vetrarveiða.*

**2. Stóðsmölun og stóðréttir í Skrapatungurétt - 1701012**

*Tekið fyrir bréf frá Sigurði Ágústssyni á Geitaskarði um stóðsmölun á Laxárdal og tilhögun á henni. Í bréfi Sigurðar kemur fram ósk um að haldinn verði fundur um málið og tekur nefndin undir það. Samþykkt að boða til fundar og boða þar til hagsmunaaðila svo sem Vindhælinga, búfjáreigendur og ferðaþjónustuaðila á svæðinu.*

**3. Dýrahæ - 1702003**

*Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að finna lausn á förgun á dýrahæjum sem falla til í sveitarfélaginu. Til að mynda má benda á fyrirkomulag sem Skagfirðingar notast við en þar fer bíll um sveitarfélagið einu sinni í viku og hirðir upp hræ fyrir bændur þeim að kostnaðarlaustu.*

**4. Innrekstur úr fram Langadalsfjalli. - 1702004**

*Gauti vakti máls á því að fé sé rekið inn í heimarétt í Hvammi. Þetta samrýmist ekki lögum og reglum um fjallskilamál og sjúkdómsvarnir. Nefndin er sammála um að huga þarf að hentugri framtíðarlausn.*



**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45**

---

Gauti Jónsson

---

Anna Margrét Jónsdóttir

---

Þórður Pálsson